



AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Apr 2013

3. tbl. 20. árg.

Meðal efnis:

Uppskriftin

- *Jú hún er á sínum stað*

Pistil formanns

- *Jú hann er þarna líka*

Lokahófið

- *Kíkið á blaðsíðu 5*

Takið Eintak



- Hér fyrir ofan frá hreinsun Hlíð 2012:
Kjötsúpuveislan í algleymingi.

Munið hreinsunar- og vinnuhelgarnar Upplýsingar á bls: 4



Veiðikortið
35 vötn
Eitt kort
6.900 kr.

www.veidikortid.is



Elliðavatn
komið á
kortið!

Uppskriftin

Lime lax, það má einnig nota vænan silung
(uppskrift fengin á www.vinotek.is)

Hráefni marineriing: Aðferð:

1 lime

3 hvítlauksgeirar

1 rauður chili

1 msk akasíuhunang

1 msk ólívuolía

salt og pipar

- Rífið börkinn af lime-ávextinum og pressið safann.

- Pressið hvítlaukinn.

- Hreinsið innan úr chilibelginum og saxið hann fínt.

- Blandið öllu saman í skál og marinerið laxasneiðar í klukkustund.

Grillið í 3-5 mínútur á hvorri hlið eða þar til fiskurinn hefur náð þeirri eldun sem þið sækist eftir.

Skerið niður lime í þunnar sneiðar, dýfið aðeins upp úr marineriingunni og grillið með fiskinum.

Einn lax u.þ.b. 2 til 2,5

kg skorinn í sneiðar

1 lime

Meðlæti að eigin ósk.

Allt hráefnið fæst í Fjarðakaupum



FJARÐARKAUP

Verzlun Veiðimannsins

Formaðurinn

Kæru félagar og veiðimenn.

Nú fer í hönd sá tími sem við höfum beðið eftir í vetur. Sumarið á næsta leiti og stutt í að vötnin okkar opni. Ekki þýðir að hafa áhyggjur af einhverju vorhreti. Við höldum okkar striki og undirbúum okkur fyrir veiðisumarið eins og venja er. Hér hafa menn og konur mætt á opin hús og undirbúið sig með fluguhnýtingum, eða skoða nýjustu græjurnar á kynningum. Umsóknir og úthlutanir á veiðileyfum gengu ágætlega og seldust sem dæmi öll holl í Fossálana sem hafa svo sannarlega slegið í gegn. Þá var ágætlega sótt um í hin veiðisvæðin líka sem við höfðum í umboðssölu. Og nú eru þau leyfi sem eftir stóðu komin inn á leyfi.is. Í síðustu viku var haldinn fundur með veiðifélögum við Hlíðarvatn.



Þar voru kynntar niðurstöður úr rannsókninni sem fram fór á síðasta ári að tilstuðlan Stakkavíkur. Hægt er að kynna sér þessa skýrslu í heild sinni inni á vef Veiðimálastofnunar. Við sem stundum Hlíðarvatn höfum beðið þessarar skýrslu með óþreyju, enda margir sem hafa haft áhyggjur af minni aflatölum. Í raun og veru hafa þær skýringar sem við höfum sjálf haldið fram kannski verið staðfestar að einhverju leiti í þessari skýrslu. Í henni kemur meðal annars fram að vatnshitinn hefur hækkað undanfarin ár og alveg sérstaklega mikið í fyrra þegar sólin skein viku eftir viku en þetta á þó einnig við um mörg önnur vötn. Það segir sig sjálfst að ef vatnshitinn fer upp fyrir kjöraðstæður bleikjunnar þá hörfar hún frá landi út í dýpið þar sem kaldara er. Skýrsluna er einnig hægt að fá að glugga í upp í húsi fyrir þá sem vilja. Svo eru það vorverkin, hreinsunarhelgarnar bæði í Hlíð og í Djúpavatni á næsta leiti.

En nú er lokakvöldið framundan og vonandi sjá félagar sér fært að mæta á báða þessa viðburði. Við verðum með góðan gest hjá okkur og vonandi verður jafn góð mæting og í fyrra. Sjáumst hress og kát og endilega takið með ykkur gesti þetta kvöld.

Með vor og sumarkveðju.

Vilborg

AGNIÐ

Útg.: Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar.
Flatahrauni 29, 200 Hafnarfjörður.

Sími: 5654020

Netfang stjórnar: stjorn@svh.is
Netfang ritstjórnar: webmaster@svh.is

Veffang: www.svh.is

Ábyrgðaraðili: Vilborg Reynisdóttir

Ritstjórn: Evar Ágústsson

Sími: 6699240

Hreinsun - vinnuhelgi Hlíðarvatn

Hin árlega hreinsunar og vinnuhelgi við Hlíðarvatn er helgina 27. og 28. apríl.

Að vanda þarf að hreinsa rusl við vatnið ásamt því að dytta að einu og öðru fyrir sumarið þannig að óskað er eftir sem flestum vinnufúsum höndum.

Félagar - ekki væri verra ef þið tækjuð eitthvað af verkfærum með ykkur.

Líklega má búast við að kjötsúpan fræga verði í boði - svo er ekki ólíklegt að einhverjir bleyti í færum þegar vinnu er lokið.

Stjórn SVH

Djúpavatn Vinnuhelgar

Framkvæmdalistinn er það ríflegur við Djúpavatn, að við gerum ráð fyrir að þurfa að nýta tvær helgar.

Fyrst er það **4. og 5. maí**, svo er seinni helgin **10., 11. og 12. maí**. Þar þarf að fara í ýmsar stórar aðgerðir - Við óskum sérstaklega eftir sem flestum til að aðstoða okkur þar.

Það þarf að lagfæra vatnsbúnað - Yfirfara og laga undirstöður hússins ásamt öllum öðrum "smáverkum". Einnig þarf að hreinsa rusl við vatnið.

Félagar - endilega fjölmönnum þessar helgi og þið megið gjarnan taka með ykkur verkfæri, skóflur, járnkarl, hamra, batterýsvélar og slíkt.

Stjórn SVH

Djúpavatn

Að gefnu tilefni vill stjórn SVH að eftirfarandi atriði vegna Djúpavats komi fram:

- Aðgangur að vatninu er fyrst og fremst ætlaður fjölskyldufólki
- Hámarksstangarfjöldi verður framvegis 10 stangir
- Öll bátaumferð á vatninu er bönnuð
- Ekki er ætlast til að félagasamtök og / eða fyrirtæki noti vatnið / aðstöðu fyrir veiðidag / fjölskyldudag starfsmanna

*Kveðja
Stjórn SVH*

Lokahóf SVH 2013 - Kvöldið fyrir sumardaginn fyrsta -

Einn af föstu vorboðum okkar er lokahófið - síðasta vetrardag = **"Kvöldið fyrir sumardaginn fyrsta"**

Nú er það 24. apríl n.k.

Við fáum góðan gest til að ræða "létt um stangveiði" - það er stangveiðimaðurinn **Gunnar Helgason** sem ætlar að kíkja við hjá okkur.

Staðsetning: Flatahraun 29. 220 Hafnarfirði

Dagsetning: 24. apríl 2013

Tímasetning: 20:00

Klæðnaður: Frjáls - Nekt bönnuð

Gestir: Já að sjálfsögðu allir velkomnir

Happadrætti: Jú jú - auðvitað

Fræðslu- og skemmtinefnd SVH

Efnilegasta silungaflugan 2013

Fræðslu- og skemmtinefnd SVH efnir til samkeppni um efnilegustu silungaflugugu fyrir sumarið 2013.

Öllum félagsmönnum í SVH er heimil þátttaka í samkeppninni.

Kept er í tveimur flokkum: Barna- og unglíngaflokkur að og með 16 ára aldri og flokkur fullorðinna.

Vegleg verðlaun verða veitt fyrir efnilegustu silungaflugugu ársins 2013 í hvorum flokkur fyrir sig.

Þátttökureglur:

Flugan skal vera silungafluguga en útfærsla að öðru leyti frjál. Dæmt verður fyrir handbragð, frumleika og hversu veiðileg flugan þykir.

Flugunni skal skila í síðasta lagi þann 21. apríl 2013. Skila skal tveimur eintökum af flugunni ásamt nafni flugunnar og uppskrift. Nafn höfundar ásamt símanúmeri skal fylgja með í lokuðu umslagi merktu nafni flugunnar, dulnefni höfundar og keppnisflokki.

Flugurnar verða dæmdar af þriggja manna dómnefnd sem Húskonur og -karlar skipa.

Áskilinn er réttur til að birta mynd af verðlaunaflugunum og uppskriftirnar í Agninu og á vef SVH.

Fræðslu- og skemmtinefnd SVH

Hlíðarvatn - úrdráttur úr kynningu Veiðimálastofnunar frá 3.4.2013

Þann 3. apríl s.l. var kynnt fyrir stjórnnum og Hlíðarvatnsnefndum veiðifélaganna sem hafa stangir í Hlíðarvatni í Selvogi, ný skýrsla Veiðimálastofnunar um ástand fiskistofnanna í vatninu. Veiði í Hlíðarvatni hefur dalað töluvert síðustu sumur og því leikur mönnum forvitni á að vita hvort eitthvað hafi komið fyrir bleikjustofninn þar.

Í skýrslunni er staðfest að nýrnaveiki hafi komið upp í bleikjustofninum en hins vegar er ljósi punkturinn sá að sýktar bleikjur sem veiddust virðast hafa komist yfir veikina (**náð sér af flensunni ef svo má segja**). Þessi fiskur sýkist ekki aftur **og er áfram jafngóður matfiskur**. Því gefur það vonir um betri tíð og að endurreisn bleikjunnar í vatninu muni eiga sér stað á næstu árum.

Einnig kemur fram að í Hlíðarvatni sem annars staðar hefur hitastig vatnsins aukist með hlýnandi veðurfari síðustu ára. Hins vegar er mikill munur á hitastigi næst landi og lengra úti á dýpinu. Kann það að skýra að stangaveiði er jafnan best í byrjun tímabilsins og einnig eftir miðjan ágúst eða ágústlok. Um heitasta tímenn leitar bleikjan sennilega út á dýpið eða þangað sem hitastig vatns er lægra og stangaveiðimenn eiga torvelt með að ná til hennar. Hitastig vatnsins var 1,4°C hærra en var 2008. Vonandi verður vatnshitinn lægri í sumar og bleikjan nær landi.

Loks er þess að geta að fyrirstaðan sem sett var í ós Hlíðarvatns virðist hafa skilað mjög góðum árangri. Engin flundra fannst við rafveiði í vatninu sjálfu en mikið magn af henni fyrir neðan hina svokölluðu "flundrugildru" eða fyrirstöðu.

Skýrsluna í heild sinni má lesa á heimasíðu Veiðimálastofnunar:
http://veidimal.is/files/Skra_0060965.pdf

Stjórn SVH

VEIÐIBÚÐ HAFNFIRÐINGA

